

# GJALDSKRÁ

## fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Grindavíkurbæ.

### 1. gr.

Grindavíkurbær innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarféluginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. II. kafla samþykktar um fráveitum í Grindavíkurbæ.

### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera eftifarandi:

Einbýlis-, par- og raðhús	(á hverja íbúð)	330.525 kr.
Fjölbýlishús	(á hverja íbúð)	99.156 kr.
Annað húsnæði	(hver tenging)	321.690 kr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu (grunnur 2021) í nóvember 2022 (110,2 stig) og taka breytingum 1. dag hvers mánaðar til samræmis við breytingar á vísitölunni.

Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli frá gjaldskyldum aðila er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða fráveitunnar, svo sem sértaekrar hreinsunar eða breytinga í kerfinu. Er þá innheimtur raunkostnaður sem hlýst af viðkomandi aðgerð.

### 3. gr.

Álagningstarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema sem hér segir:

- a. Fasteignir skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4 frá 1995:  
0,15% af álagningstarstofni.
- b. Fasteignir skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4 frá 1995:  
0,25% af álagningstarstofni.
- c. Fasteignir skv. c-lið 3. gr. laga nr. 4 frá 1995:  
0,2% af álagningstarstofni.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hayað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

### 4. gr.

Árlegt rotþróargjald skal vera 25.000 kr. Gjalddagar rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenju mikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

**5. gr.**

Gjöld skv. gjaldskrá þessari greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjöldin má taka lögtaki í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.


**6. gr.**

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkurbæjar þann 13. desember 2022 og sett með vísan til 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, með síðari breytingum og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur í Grindavíkurbæ.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1375/2020.

*Grindavíkurbæ, 19. desember 2022*

F.h. Bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar



Fannar Jónasson  
Fannar Jónasson bæjarstjóri